

# Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

---

Fundargerð 42.fundur verkefnahóps BsVest haldinn 28. ágúst 2014 kl: 13:00, símafundur. Mætt voru Sif Huld Albertsdóttir, formaður, Elsa Reimarsdóttir, Guðný Hildur Magnúsdóttir, María Játvarðardóttir og Margrét Geirsdóttir, einnig var Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdarstjóri sem einnig ritaði fundargerð.

## Dagskrá:

1. Fundargerð 41. fundar verkefnahóps  
Fundargerð samþykkt.
2. NPA reglur  
Kynntar ábendingar stjórnar BsVest á tillögum að NPA reglum. Rætt um ábendingar stjórnar og samþykkt að fá yfirllestur lögfræðings á reglunum. Formanni falið að leita álits lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga í þessum efnunum og leggja að nýju fyrir stjórn og verkefnahóp.
3. Stuðningsfjölskyldur gjaldskrá og reglur.  
Kynntar ábendingar stjórnar BsVest á reglum um stuðningsfjölskyldur. Rætt um ábendingar stjórnar og samþykkt að taka tillit til efni þeirra m.a. að gjaldskrá verði sett sem viðauki en ekki sem hluti reglna. Formanni falið að yfirfara reglur í samræmi við umræðu á fundinum og leggja að nýju fyrir stjórn og verkefnahóp.
4. Árskýrsla 2013  
Formaður lýsti óánægju með töfum vegna skila á efni í ársskýrslu 2013.
5. Starfsdagurinn með félagsþjónustusvæðunum  
Samþykkt að fela formanni og Margréti að finna hentuga dagsetningu.
6. Framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012-2014. Tillaga um framlenging til tveggja ára.  
Lagt fram til kynningar.
7. Annað.
  - a. Málefni skammtíamavistunar og Hvestu.  
Margrét tók til umræðu aukna þjónustu til þjónustuþega sem hafa áhrif á áætlanir skammtíamavistunar og Hvestu.
  - b. Fundaráætlanir.  
Formaður kynnti tillögu að dagsetningu stöðufunda verkefnastjórnar sem verði haldnir reglulega á hálfsmánaðar fresti frá og með 3. september n.k..  
Stöðufundir eru fundir án framkvæmdastjóra.  
Formaður ræddi tillögu að dagsetningu snertifundar, samþykkt að finna dagsetningu í tengslum við starfsdag.

.....